

Umsögn dómnefndar

**skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla
um umsækjendur um embætti dómara við Héraðsdóm
Reykjavíkur sem auglýst var laust til umsóknar í
Lögbirtingablaði 16. janúar 2015.**

Reykjavík, 20. apríl 2015.

1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti

Með bréfi dags. 23. febrúar 2015 fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla með síðari breytingum að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, sem auglýst var laust til umsóknar 16. janúar 2015 í Lögbirtingablaði. Um er ræða skipun í embættið hið fyrsta eftir að dómnefndin hefur lokið starfi sínu.

Um embættið sóttu Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómslögmaður, Guðfinnur Stefánsson, aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vesturlands, Katrín Hilmarsdóttir lögfræðingur, Kjartan Bjarni Björgvinsson, aðstoðarmaður dómara við EFTA dómstólinn, Logi Kjartansson lögfræðingur, Pétur Dam Leifsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Ragna Bjarnadóttir, lögfræðingur hjá embætti umboðsmanns Alþingis, Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, og Stefanía G. Sæmundsdóttir, settur saksóknari.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta innanríkisráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til marga atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita

sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/2008 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi dómsmála- og mannréttinda-ráðherra, nú innanríkisráðherra, setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórn-sýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og

hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerði.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir orðrétt: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Í 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttað í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Markmið laga nr. 10/2008 er m.a. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska

hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr. þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal starf, sem laust er til umsóknar, standa opið jafnt konum sem körlum og í 1. mgr. 24. gr. þeirra er kveðið svo á um að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. laganna telst það óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Þá ber þess að gæta að Hæstiréttur hefur talið að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla yrðu þýðingarlítill, nema meginreglur þeirra við að stemma stigu við mismunun séu skýrðar svo að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin, að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir og karl sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur, sbr. dóma réttarins H 1993, 2230, H 1996, 3760, H 1998, 3599 og H 2006, 4891. Á þetta sjónarmið kann almennt að reyna að álitni nefndarinnar við ákvörðun ráðherra um veitingu dómaraembættis hafi dómnefnd metið tvo eða fleiri umsækjendur jafnhæfa til að gegna því.

Loks skal þess getið að í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998 með síðari breytingum (skipan dómara), er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Hinn 11. mars 2015 ritaði dómnefnd umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra nefndarmanna sem fara með mál þetta. Tveir af þeim sem skipaðir hafa verið í dómnefndina, Stefán Már Stefánsson og Allan Vagn Magnússon,

ásamt varamanni Stefáns Más, Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari, hafa lýst sig vanhæf á grundvelli 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 til að taka þátt í meðferð umsókna um ofangreint dómaraembætti. Af þeim sökum taka við varamaður Allans Vagns, Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari, og Skarphéðinn Þórisson sem tilnefndur var af Hæstarétti Íslands til að taka sæti í nefndinni ad hoc. Nefndarmönnum er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra í máli þessu.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur þann 20. mars 2015.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, segir m.a. að dómnefndinni sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis sendi dómnefnd spurningalista hinn 23. mars 2015 til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör umsagnaraðilans. Fyrir liggja umsagnir vegna fyrri umsóknar umsækjendanna Katrínar, Loga, Péturs, Rögnu og Stefaníu sem lagðar verða til grundvallar og gerðu umsækjendurnir ekki athugasemdir við það fyrirkomulag.

Eins og áður segir fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi dags. 23. febrúar 2015 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Barst formanni bréfið þann sama dag. Í ljósi þess að nefndin taldist ekki fullskipuð fyrr en hinn 3. mars 2015 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnslulaga, frá þeim degi til 15. apríl 2015.

Þess skal getið að umsækjendurnir Katrín, Logi, Pétur, Ragna og Stefanía hafa áður verið metin af dómnefnd sem nú starfar skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. álit dags. 23. febrúar 2015, 25. apríl 2014 og 27. febrúar 2014.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 10. apríl 2015, þar sem þeim var gefinn

kostur á að gera athugasemdir við þau til 17. sama mánaðar, kl. 16.00. Athugasemdir bárust frá Ásgerði Ragnarsdóttur og Pétri Dam Leifssyni. Farið var yfir þær á fundi nefndarinnar 20. apríl 2015 og er í endanlegri niðurstöðu dómnefndar að hluta tekið tillit til athugasemda hvors umsækjanda um sig. Þær þóttu þó ekki gefa tilefni til breytinga á niðurstöðum í þeim drögum sem umsækjendum höfðu verið send.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður næst veitt stutt ágríp um menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og viðmið á grundvelli þeirra megin sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa fengist við auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Ásgerður Ragnarsdóttir fæddist 7. október 1979 og er því 35 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2004 og LL.M námi við Cambridge háskóla í júní 2008. Réttindi til málflutnings í héraði öðlaðist hún 2005. Að auki hefur hún sótt ýmis námskeið og ráðstefnur um lögfræðileg efni, þ. á m. námskeið Lagastofnunar Háskóla Íslands um ríkisstyrki, námskeið um löggjöf og dómafordæmi EFTA dómstólsins og norrænt námskeið á sviði útboðsréttar. Að loknu laganámi starfaði hún sem lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá júní 2004 til desember 2005. Frá þeim tíma til ágúst 2007 og aftur frá júlí 2008 til september sama ár starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands. Frá september 2008 hefur umsækjandinn starfað sem lögmaður á LEX lögmannsstofu, þar af sem meðeigandi frá janúar 2012. Umsækjandinn hefur setið í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2009 og setið í kærunefnd útboðsmála frá maí 2013. Umsækjandinn var auk þessa ritari nefndar forsætisráðherra um viðurlög við afbrotum 2004-2006, ritari kærunefndar útboðsmála 2005-2007 og ritari refsiréttarnefndar 2006-2007. Þá hefur hún sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2009, lengst af í námskeiði um

evrópskar mannréttindareglur en einnig í eignarétti frá árinu 2013 og hlutverki dómara og lögmanna frá árinu 2014. Að auki hafði hún umsjón með ritun BA ritgerða við sama skóla frá 2006-2012 og hefur verið prófdómari vegna meistararitgerða frá 2009. Þá hefur umsækjandinn verið prófdómari vegna BA ritgerða og meistararitgerða í lögfræði við Háskólann í Reykjavík frá árinu 2013. Umsækjandinn hefur flutt tvo fyrirlestra um lögfræðileg efni og ritað fjórar skýrslur eða bókakafla um lögfræðileg efni, þ. á m. um réttarstöðu Íslands hvað varðar umhverfissrétt og um framkvæmd Samnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Umsækjandinn hefur og setið í ritstjórn tímaritsins Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu frá 2013.

Guðfinnur Stefánsson er fæddur 1. október 1971 og er því 43 ára. Hann lauk BS prófi í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst í febrúar 2007 og ML prófi í lögfræði við sama skóla í september 2008. Hann lauk diplóma námi í afbrotafræði við Háskóla Íslands árið 2014 og sótti námskeið um breytingar á barnalögum hjá Lagastofnun Háskóla Íslands. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóms Reykjavíkur frá september 2008 til loka þess árs. Frá janúar 2009 og fram til dagsins í dag hefur umsækjandinn starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vesturlands að frátöldu tímabilinu 1. febrúar 2014 til 30. júní 2014 er hann var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandi var prófdómari við Háskólann á Bifröst í málflutningi fyrir dómi 2009-2014 og sinnti stundarkennslu í sakamálaréttarfari við sama skóla haustið 2014. Umsækjandinn hefur verið skipaður varamaður í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema frá apríl 2014.

Katrín Hilmarsdóttir fæddist 1. maí 1954 og er því tæplega 61 árs. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1987. Réttindi til málflutnings í héraði öðlaðist hún 1997. Að auki hefur hún sótt ýmis námskeið og tekið þátt í málþingum um lögfræðileg efni. Að loknu laganámi starfaði Katrín sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum á Ísafirði og sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu í rúmlega tvö ár. Frá 1990 til 1993 starfaði umsækjandinn í um þrjú ár sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands og var þá jafnframt staðgengill hæstaréttarritara. Frá 1994 til 1995 starfaði hún í eitt ár sem sýslumannsfulltrúi hjá

sýslumanninum í Reykjavík. Á árunum 1995 til 1999 starfaði umsækjandinn í fjögur ár sem yfirlögfræðingur hjá yfirskattanefnd. Hún starfaði í rúm sjö ár frá 1999 til 2007 hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík sem löglærður fulltrúi og ákærandi, en þar fór hún með stjórn lögreglurannsókna vegna kynferðis- og ofbeldisbrota og annaðist undirbúning ákæru og saksókn fyrir héraðsdómi, auk þess að starfa við saksókn ofbeldisbrota í umboði ríkissaksóknara. Á árunum 2007 til 2008 vann Katrín í tæplega eitt og hálf ár við ýmis verkefni, einkum gerð skýrslu í samstarfi við Egil Stephensen saksóknara með lýsingu á uppbyggingu og starfsemi íslenskra stofnana sem fást við sakamál. Hún var gerð að tilhlutan Max Planck Institut í Þýskalandi í tengslum við rannsóknir á leiðum til að efla samvinnu í sakamálum og tekur til fjölmargra Evrópulanda. Á árunum 2008 og 2011 starfaði Katrín sem lögfræðingur hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga við undirbúning og samning úrskurða nefndarinnar vegna ákvarðana Tryggingastofnunar ríkissins og Sjúkratrygginga Íslands. Frá þeim tíma kveðst hún hafa unnið sjálfstætt að ýmsum verkefnum og einnig í þágu annarra lögfræðinga og haldið faglegri þekkingu sinni við. Þá hefur Katrín setið í starfshópi sem samdi stefnumótunar- og starfsmannastefnu fyrir lögreglustjóran í Reykjavík árið 2005 og veitti umsagnir um lagafrumvörp.

Kjartan Bjarni Björgvinsson fæddist 9. júlí 1976 og er því 38 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2002 og LL.M námi í stjórnskipunar- og evrópurétti frá London School of Economics and Political Science árið 2006. Umsækjandinn öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði árið 2003. Að námi loknu starfaði umsækjandi sem lögfræðingur við embætti umboðsmanns Alþingis frá maí 2002 til september 2005 og síðar sem aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis frá október 2006 til febrúar 2009. Frá mars 2009 hefur hann starfað sem aðstoðarmaður dómara við EFTA dómstólinn. Umsækjandinn hefur sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2003, m.a. í stjórnsýslurétti og starfmannarétti auk þess sem hann sinnti stundakennslu við Háskólann á Bifröst 2005-2009, m.a. í stjórnsýslurétti og evrópskum félaga- og skattarétti. Frá ársbyrjun 2015 hefur hann gegnt stöðu sérfræðings með 30% starfshlutfall við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Til viðbótar hefur umsækjandi sinnt kennslu í styttri námskeiðum á vegum Háskóla Íslands, Lögmannafélags Íslands og Dómstólaráðs frá

árinu 2003. Umsækjandinn hefur talsvert sinnt fræðistörfum og ritstörfum um lögfræðileg efni, einkum stjórnarsýslu- og upplýsingarétt, en eftir hann liggja átta ritrýndar fræðigreinar sem birst hafa í lögfræðitímaritum auk einnar til viðbótar sem birtast mun á næstunni. Að auki fylgja umsókn fleiri fræðilegar ritgerðir sem ekki hafa hlotið ritrýni. Umsækjandinn hefur flutt 16 fyrirlestra um lögfræðileg efni á vegum ýmissa aðila frá árinu 2004, m.a. um stjórnarsýslurétt og EES-rétt. Þá hefur umsækjandinn unnið álitserðir fyrir opinbera aðila um lagaleg álitaefni og veitt fyrirtækjum og félagasamtökum lögfræðilega ráðgjöf.

Logi Kjartansson fæddist 6. ágúst 1975 og er því 39 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 2007 en hafði áður lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Að loknu laganámi hóf hann störf sem lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu og starfaði þar til 2010 er hann réði sig til starfa sem lögfræðingur hjá Lögregluskóla ríkisins til 2012. Þá kveðst umsækjandinn hafa sinnt rannsóknar- og fræðistörfum frá júlí 2013 og rekið lögfræðiskrifstofu frá miðju ári 2014. Í því hlutverki hafi hann m.a. haft allstór verkefni fyrir stéttarfélög. Í ráðuneytinu fékkst umsækjandinn við gerð lagafrumvarpa, reglugerða og gerð stjórnarsýsluúrskurða en í Lögregluskóla ríkisins fékkst hann aðallega við rannsóknir í lögglurétti og ritun samnefndrar kennslubókar. Þá hefur hann sótt námskeið um gerð lagafrumvarpa og reglugerða. Frá 2012-2013 var umsækjandinn lögfræðingur á stjórnarsýslusviði ríkislögreglustjóra. Hann kenndi lögglurétt við löggluskólann frá 2010-2013 og annaðist þar um tíma kennslu í opinberu réttarfari og starfsmannarétti. Þá hefur hann haldið nokkra fyrirlestra um lögfræðileg efni. Umsækjandinn hefur gefið út kennslurit í lögglurétti er ber heitið Löggluréttur, auk þess sem hann hefur unnið að útgáfu ritverks um lögglurétt með tilstyrk Lagastofnunar Háskóla Íslands og lagadeildar Háskóla Íslands sem ætlunin er að komi út á þessu ári. Auk þessa hefur hann unnið lögfræðileg aukastörf fyrir m.a. Landvernd og lögmannsstofuna Réttur – Adalsteinsson & Partners og fleiri.

Pétur Dam Leifsson er fæddur 27. apríl 1968 og er því tæpra 46 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og L.L.M. námi frá Erasmus University Rotterdam 2002 í þjóðarétti. Árið 2005 lauk hann aftur L.L.M. námi frá sama skóla í alþjóðaviðskiptarétti sem er innan sviðs þjóðaréttar. Fyrir laganám lauk

hann B.A. prófi í sagnfræði og B.A. prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 1996. Umsækjandinn öðlaðist réttindi til málflytninga í héraði 2002. Að loknu laganámi starfaði hann sumarið 2001 sem lögfræðingur í afleysingum hjá lögfræði- og ákærusviði lögreglustjórans í Reykjavík en réði sig sem löglærður aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur í september 2001 og starfaði hann þar fram til nóvember 2004. Sumarið 2004 leysti hann af skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Frá apríl 2005 til ágúst 2005 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra í hlutastarfi. Umsækjandinn starfaði sem lektor í fullu starfi við Háskólann á Akureyri frá janúar 2005 til janúar 2007 en í hlutastarfi frá þeim tíma og fram í desember 2008. Í janúar 2009 var hann ráðinn sem dósent við Háskólann á Akureyri og sinnti því starfi til september 2013. Hann starfaði sem lektor við Háskóla Íslands frá því í janúar 2007 til desember 2008, en dósent við sama skóla frá janúar 2009. Pétur hafði verið stundakennari við lagadeild HÍ frá árinu 2001 til 2006, auk þess að vera stundakennari við Háskólann á Bifröst 2006 - 2012. Í Háskóla Íslands hefur hann m.a. annast umsjón og kennslu í fjölda sérhæfðra námskeiða er varða alþjóðalög, sem og að koma að kennslu og umsjón á grunnnámskeiðum í B.A. námi. Við Háskólann á Akureyri hefur hann sinnt kennslu, rannsóknum og stjórnun, auk þess að koma að uppbyggingu á meistaranámi. Þá hefur hann einnig komið að umsjón og kennslu námskeiða og haldið fjölda fyrirlestra við aðrar háskólastofnanir, m.a. Kaupmannahafnarháskóla, Erasmus háskólann í Rotterdam, Háskólann í Vínarborg, Fróðskaparsetrið í Færeyjum auk héraðsskóla. Hann var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í tíu mánuði á árinu 2014. Umsækjandinn hefur talsvert sinnt fræðistörfum og ritstörfum um lögfræðileg efni, en eftir hann liggja 20 ritrýndar greinar um efni varðandi þjóðarétt sem hafa birst í ýmsum tímaritum og köflum. Hann gaf einnig út ritið „Þjóðaréttur“ árið 2011 ásamt Björgu Thorarensen, prófessor, en umsækjandinn var aðalhöfundur kafla 1-5, 9-10 og 12. Umsækjandinn var auk þessa formaður rannsóknar- og meistaranámsnefndar lagadeildar HÍ 2009-2010 og aftur frá 2013 til febrúar 2014, hefur setið í stjórn Hafréttarstofnunar Íslands frá 2012, verið varamaður í nefnd um dómaraastörf frá 2013, varamaður í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2007, sat í vísindanefnd félagsvísindasviðs HÍ frá 2013 til 2014 og hefur setið í Færeyjanefnd HÍ

frá 2012. Hann sat einnig í kennslunefnd félagsvísindasviðs HÍ 2009-2010 og var formaður siðanefndar HA 2006-2009. Þá hefur hann setið í dómnefndum vegna framgangs eða ráðningar háskólakennara fyrir lagadeild HÍ og einnig verið í samskonar nefndum fyrir lagadeild HR og lagadeild Kaupmannahafnarháskóla. Þá hefur hann unnið að því að meta umsóknir um sameiginlegt doktorsnám við lagadeildir HÍ og Kaupmannahafnarháskóla. Hann var skipaður varamaður í kæruneftnd útlendingamála frá 26. janúar 2015. Þá hefur hann sinnt fyrirspurnum frá nefndasviði Alþingis og ráðuneytum, veitt fyrirtækjum, félagasamtökum og lögmannsstofum ráðgjöf og verið tilkvaddur sem sérfræðivitni fyrir dómstóli í Englandi. Hann hefur verið dómari í TELDERS málflutningskeppninni sem fer fram árlega í Haag í Hollandi, haldið utan um þátttöku liðs lagadeildar HÍ í Jessup málflutningskeppninni í Washington og verið í stjórn Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi árin 2006-2007.

Ragna Bjarnadóttir fæddist 4. apríl 1975 og er því 40 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 2006 og meistaraþráðu frá Oxford háskóla í júlí 2009. Þá hefur hún lokið tveimur námsönnum í mannfræði við félagsvísindadeild HÍ. Að loknu laganámi starfaði hún frá 2006 til 2008 sem löglerður fulltrúi hjá embætti ríkissaksóknara í tvö ár. Frá 2009 til 2010 var hún í fimmtán mánuði aðstoðarsaksóknari/deildarstjóri hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Frá janúar 2011 til ársloka 2014 starfaði Ragna sem lögfræðingur hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Frá 1. febrúar 2015 og fram til dagsins í dag hefur hún starfað sem lögfræðingur við embætti umboðsmanns Alþingis. Ragna hefur verið stundakennari við Háskólann í Reykjavík frá 2014. Þá hefur umsækjandinn setið í ýmsum nefndum.

Sigrún Jóhannesdóttir er fædd 8. ágúst 1959 og því 55 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1985. Áður hafði hún tekið 30 einingar í ensku við heimspekideild sama skóla og lauk þar einnig 10 ECTS einingum í heimspeki árið 2004. Réttindi til málflutnings í héraði öðlaðist hún 1990. Þá sótti hún námskeið um upplýsingalög hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Að loknu námi hóf hún störf sem deildarsérfræðingur á lögfræðisviði ríkisskattstjóra og starfaði þar fram til ársins 1990 er hún hóf störf á fasteignasölu. Frá

árinu 1991 til júlí 2000 starfaði umsækjandi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, þar af sem deildarstjóri frá 1. maí 1996. Hinn 1. ágúst 2000 var hún skipaður forstjóri Persónuverndar og gegndi því starfi fram á vor 2013 er henni var veitt leyfi frá því starfi. Frá 1. apríl 2013 til 31. mars 2015 starfaði umsækjandinn á skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu og gegndi þar einkum starfi ritara úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Með umsókn fylgdi fjöldi úrskurða sem hún hefur samið í því starfi. Umsækjandi var framkvæmdarstjóri tölvunefndar frá 1988 til 1. janúar 2001. Þá hefur umsækjandinn setið í ýmsum nefndum og starfshópum á vegum hins opinbera, s.s. prófnefnd fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, starfshópi til að semja reglur um birtingu upplýsinga úr álagningar- og skattskrá og nefnd um endurskoðun löggjafar um meðferð persónuupplýsinga. Umsækjandi gaf út kennslurit með fyrirlestrum um fjármálaskipan í hjúskap og óvígðri sambúð, og hefur auk þess ritað óútgefið fræðirit um persónuupplýsingar og einkalífsrétt, með skýringum við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Fyrirhugað er að ritið, sem í handriti telur tæplega 750 bls., komi út sumarið 2015. Umsækjandi sinnti stundakennslu í alþjóðlegum einkamálarétti við lagadeild Háskóla Íslands 1993 og 1994 og í sífjarétti 1995-2000, auk þess sem hún var prófdómari við sama skóla 2005-2008 í námskeiðum á sviði persónuréttar. Þá hefur umsækjandi haldið námskeið um persónurétt á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Hún sat um skeið í stjórn Félags forstöðumanna ríkisins.

Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir fæddist 13. mars 1967 og er því 48 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1992. Réttindi til málflutnings í héraði öðlaðist hún 1995. Þá hefur hún sótt tvö námskeið á vegum Lögregluskóla ríkisins. Að loknu laganámi hóf hún störf sem fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík og starfaði þar til 2000. Í þrjá mánuði á árunum 1996 til 1997 vann hún í afleysingum á einkamála skrifstofu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Árin 2000 til 2002 starfaði umsækjandinn sem héraðsdómslögmaður á lögmannsstofu. Frá 2002 til 2004 var hún í fimmtán mánuði lögfræðingur á ákæru- og lögfræðisviði lögreglustjórans í Reykjavík og fór þar m.a. með stjórn lögreglurannsókna og saksókn fyrir héraðsdómi. Hún gegndi sama starfi aftur í átta mánuði á árinu 2006. Þá var hún

lögfræðingur hjá Tryggingastofnun ríkisins, fæðingarorlofsdeild, frá 2004 til 2006 í rúmlega tvö ár. Um tæplega fjögurra ára skeið 2007 til 2010 starfaði hún sem lögfræðingur hjá úrskurðarnefnd almennatrygginga þar sem hún annaðist undirbúning og samning úrskurða nefndarinnar vegna kærðra ákvarðana. Í rúmlega eitt ár 2010 til 2012 starfaði umsækjandinn sem héraðsdómslögmaður á lögmannsstofu og sinnti þar almennum lögmannsstörfum auk starfs fyrir úrskurðarnefnd samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, einkum við undirbúning og samning úrskurða nefndarinnar. Þá hefur hún setið í hverfiskjörstjórn við sveitarstjórnar- og Alþingiskosningar. Frá febrúar 2012 hefur hún verið settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara.

5. Mat á umsækjendum.

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Allir umsækjendur hafa lokið embættisprófi eða meistaraprófi í lögfræði frá íslenskum háskólum.

Ásgerður lauk embættisprófi í lögfræði frá HÍ og einnig meistaragráðu við Cambridge háskóla. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið og ráðstefnur um lögfræðileg efni.

Guðfinnur lauk ML prófi í lögfræði við Háskólann á Bifröst. Eftir það lauk hann diplóma námi í afbrotufræði við HÍ og sótti námskeið um breytingar á barnalögum við Lagastofnun Háskóla Íslands.

Katrín hefur lokið embættisprófi frá Háskóla Íslands og setið ýmis námskeið.

Kjartan hefur til viðbótar meistaraprófi í lögum frá HÍ lokið prófi með meistaragráðu frá London School of Economics and Political Science.

Logi hafði tekið próf frá Lögregluskóla ríkisins áður en hann lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands. Hann hefur einnig sótt námskeið um gerð lagafrumvarpa og reglugerða.

Pétur hefur til viðbótar meistaraprófi í lögum tvívegis lokið prófi með meistaragráðu frá Erasmus University Rotterdam. Áður en hann lauk meistaraprófi í

lögum frá HÍ átti hann að baki B.A. próf í stjórnmálafræði frá HÍ og einnig í sagnfræði frá sama skóla.

Ragna lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands og einnig meistaraþráðu frá Oxford háskóla í Englandi. Þá hefur hún lokið tveimur námsönnum í mannfræði við félagsvísindadeild HÍ.

Sigrún lauk embættisprófi í lögfræði frá HÍ. Áður og eftir það lauk hún tilteknum fjölda eininga í ensku og heimspeki við heimspekideild sama skóla. Þá sótti hún námskeið um upplýsingalög hjá Endurmenntunarstofnun HÍ.

Stefanía hefur lokið embættisprófi frá Háskóla Íslands og sótt tvö námskeið á vegum Lögregluskóla ríkisins.

Samkvæmt framangreindu stendur Pétur öðrum umsækjendum framur í þessum þætti hæfnismats með tvöfalda meistaraþráðu í framhaldsnámi auk annarra akademískra prófa. Þá hafa Ásgerður, Kjartan og Ragna öll öðlast meistaraþráðu í framhaldsnámi. Viðbótarmenntun annarra umsækjenda telst vera minni.

5.2. *Reynsla af dómstörfum*

Ásgerður var aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt í sem næst tvö ár.

Guðfinnur var á árinu 2014 settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í fimm mánuði. Þá var hann aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur í fjóra mánuði á árinu 2008 og eftir það við Héraðsdóm Vesturlands í tæplega sex ár.

Katrín var dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum á Ísafirði og sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu í rúmlega tvö ár. Hún var aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt í þrjú ár.

Kjartan hefur nú starfað í sex ár sem aðstoðarmaður dómara við EFTA dómstólinn. Hann telur láta nærri að um 80% starfa sinna þar teljist til dómstarfa en 20% sé stjórnun, sbr. lið 5.6. Á starfstímanum hefur honum verið falið að semja eða hafa yfirumsjón með samningu á rúmlega þriðjungi þeirra dóma sem dómstóllinn hefur kveðið upp á því tímabili. Fyrir liggur að í störfum Kjartans hjá EFTA dómstólnum reynir mjög á réttarfarsreglur en reglur dómstólsins munu vera að flestu leyti sambærilegar þeim sem þekkjast í íslensku réttarfari.

Logi, Sigrún og Stefanía hafa ekki reynslu af dómstörfum.

Pétur var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í 10 mánuði á árinu 2014. Þá var hann aðstoðarmaður héraðsdómara í Reykjavík 2001 til 2004 í rúmlega þrjú ár og sem næst fjóra mánuði í hlutastarfi á Akureyri samhliða háskólakennslu.

Ragna starfaði í fjögur ár sem lögfræðingur hjá Mannréttindadómstól Evrópu við margvísleg viðfangsefni. Hún telur nærri lagi að þriðjungur starfa hennar þar hafi talist til dómstarfa.

Að þessu virtu hefur Guðfinnur starfað í fimm mánuði sem settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og samtals á sjöunda ár sem aðstoðarmaður dómara við tvo héraðsdómstóla. Hluti síðastnefnda starfstímans er eftir 26. júní 2012 þegar aðstoðarmönnum dómara voru með lögum veittar sérstakar heimildir til að dæma í tilteknum málum, sem umsækjandinn mun hafa gert í ríkum mæli frá upphafi.

Næstur honum í þessum þætti kemur Kjartan. Hann á að baki sex ára starf sem aðstoðarmaður dómara við EFTA dómstólinn. Varðandi þennan umsækjanda verður ekki horft framhjá sérstöku eðli þeirrar starfsreynslu hans hjá EFTA dómstólnum að hafa samið eða haft yfirumsjón með samningu á rúmlega þriðjungi þeirra hartnær 100 dóma sem dómstóllinn hefur kveðið upp sl. sex ár. Þess er gætt að um fimmtungur verkefna í umræddu starfi er við annað en dómstörf, en skiptingar viðfangsefna í sama starfi er einnig gætt í öðrum þáttum hæfnismats hér á eftir þar sem það á við. Þar á eftir kemur *Pétur* sem var settur dómari í 10 mánuði við Héraðsdóm Reykjavíkur á árinu 2014 og var aðstoðarmaður héraðsdómara í rúmlega þrjú ár 2001 til 2004 og í hlutastarfi í um fjóra mánuði á árinu 2005.

5.3. *Reynsla af lögmannsstörfum*

Af umsækjendunum hafa *Ásgerður, Katrín, Kjartan, Pétur, Sigrún og Stefanía* aflað sér réttinda sem héraðsdómslögmennt.

Ásgerður hefur á sex og hálfis árs lögmannsferli flutt 28 mál af margvíslegum toga fyrir héraðsdómi og nokkur fyrir Eftirlitsstofnun EFTA og unnið að kærnum til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þá hefur hún samið kærur í málum fyrir Hæstarétti

og unnið lögfræðilegar álitserðir fyrir fyrirtæki, hagsmunasamtök og opinbera aðila.

Guðfinnur, Kjartan, Logi, Pétur og Sigrún hafa ekki reynslu af störfum á lögmannsstofu.

Katrín hefur öðlast reynslu í starfi sínu sem ákærandi og málflytjandi í viðkvæmum og vandmeðförnum tegundum brotamála fyrir hönd lögreglustjórans í Reykjavík og ríkissaksóknara fyrir héraðsdómi í rúmlega sjö ár. Samhliða vann hún hjá þessum embættum við annars konar verkefni, sbr. lið 5.4.

Ragna starfaði sem löglærður fulltrúi hjá ríkissaksóknara í tvö ár að loknu embættisprófi og flutti mál fyrir héraðsdómi. Þá var hún í fimmtán mánuði 2009 til 2010 aðstoðarsaksóknari/deildarstjóri við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og flutti mál fyrir héraðsdómi. Samhliða vann hún hjá þessum embættum við annars konar verkefni, sbr. lið 5.4.

Stefanía starfaði sem héraðsdómsslögmaður í tæp tvö ár 2000 til 2002 á lögmannsstofu og í framhaldi af því í 15 mánuði á ákæru- og lögfræðisviði lögreglustjórans í Reykjavík þar sem hún fór meðal annars með saksókn fyrir héraðsdómi. Sama starfi gegndi hún í átta mánuði árið 2006. Í síðastnefndu starfi vann hún samhliða önnur verkefni, sbr. einkum lið 5.4. Hún telur að málflytningsþáttur starfans hafi á fyrra tímabilinu verið fyrirferðarminni en stjórnarsýslustörf, en skipting starfa að þessu leyti hafi verið nokkuð jöfn á því síðara. Hinu sama gegni um núverandi starf hennar. Þá vann hún í hlutastarfi í rúmlega eitt ár sem héraðsdómsslögmaður á lögmannsstofu á tímabilinu 2010 til 2012. Frá febrúar 2012 til þessa dags hefur hún verið settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara og flutt mál bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Samkvæmt þessu á Ásgerður sex og hálfis árs lögmannsferil að baki við fjölpætt viðfangsefni, þ. á m. rekstur mála við fjölpjóðlegar stofnanir. Stefanía hefur starfað sem héraðsdómsslögmaður á lögmannsstofum í samtals þrjú ár, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Að auki hefur hún flutt sakamál fyrir héraðsdómi og síðar einnig Hæstarétti í samtals um fimm ár sem lið í störfum fyrir ákærvald. Leggja má til grundvallar að liðlega helmingur þess starfstíma hafi farið í önnur viðfangsefni en

málflutningsstörf. Að öllu gættu telst Ásgerður standa fremst umsækjenda í þessum þætti hæfnismats, en næst henni kemur Stefanía og þá Katrín.

5.4. *Reynsla af stjórnslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Ásgerður starfaði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í eitt og hálf ár og fékkst þar m.a. við gerð lagafrumvarpa, reglugerða og skýrslna til alþjóðlegra nefnda vegna aðildar Íslands að þjóðréttarsamningum. Í sama starfi tók hún þátt í störfum nefnda á vegum Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna. Hún hefur eftir það rekið fjölmörg mál á stjórnslustigi. Þá á hún sæti í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá 2009 og kærunefnd útboðsmála frá maí 2013, sem á þeim tíma sem liðinn er hefur kveðið upp fjölmarga úrskurði og álit. Þá var hún ritari þriggja stjórnslunefnda um eins til tveggja ára skeið í hverri.

Guðfynnur er varamaður í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema frá vori 2014.

Katrín sinnti samhliða vinnu við dómsmál, sbr. lið 5.2. að framan, ýmsum stjórnsluverkefnum sem sýslumannsfulltrúi í rúm tvö ár. Í sams konar starfi síðar í tæpt eitt ár vann hún einkum við þinglýsingar. Þá starfaði hún í fjögur ár sem yfirlögfræðingur hjá yfirskattanefnd og önnur fjögur hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga. Í báðum tilvikum vann hún að úrlausn og gerði drög að úrskurðum í kærumálum sem beint var til þessara úrskurðarnefnda. Samhliða viðfangsefnum hjá lögreglustjóranum í Reykjavík í sjö ár sem ákærandi og málflytjandi, sbr. lið 5.3. að framan, fór hún með stjórn rannsókna hjá lögreglu í sömu málaflokkum. Á þeim tíma sat hún einnig í starfshópi um stefnumótun og starfsmannastefnu fyrir embættið.

Kjartan starfaði sem lögfræðingur hjá embætti umboðsmanns Alþingis í rúmlega þrjú ár og sem aðstoðarmaður þar í tvö og hálf ár. Hann telur verkefni á fyrra tímabilinu hafa að mestu leyti fallið undir stjórnslustörf en á því síðara hafi sem næst fjórðungur verið stjórnun. Viðfangsefni í fyrrnefnda starfinu hafi að

verulegu leyti verið að semja drög að álitsgerðum og bréfum á sviði skattamála, mannréttinda og félagslegra réttinda, en því síðarnefnda úrlausn lögfræðilegra álitamála og ritun álitsgerða á flestum sviðum stjórnýslu. Þá flutti hann mál 2013 fyrir kærunefnd jafnréttismála. Þá sat hann í stjórn líknarfélagsins Geðhjálpur 2003-2005.

Logi starfaði í umhverfisráðuneytinu í sem næst þrjú ár þar sem hann fékkst meðal annars við gerð lagafrumvarpa, reglugerða og stjórnvaldsúrskurða. Með umsókn hans fylgdu tveir slíkir úrskurðir. Eftir það starfaði hann í tvö ár hjá Lögregluskóla ríkisins og um eitt ár á stjórnýslusviði ríkislögreglustjóra.

Pétur starfaði eitt sumar sem lögfræðingur í afleysingum hjá lögfræði- og ákærusviði lögreglustjórans í Reykjavík. Hann hefur haft umsjón með námskeiðum í HÍ er varða alþjóðalög og í grunnnámskeiðum í B.A. námi. Í Háskólanum á Akureyri sinnti hann uppbyggingu í meistaranámi og hefur komið að umsjón námskeiða við erlendar háskólastofnanir. Þá á hann ýmist sæti eða er varamaður í stjórn eftirtalinna stofnana og í eftirtöldum nefndum: Hafréttarstofnunar Íslands, nefndar um dómarastörf, Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, rannsóknar- og meistaranámsnefndar lagadeildar HÍ, kennslunefndar félagsvísindasviðs HÍ, Færeyjanefndar HÍ, kærunefndar útlendingamála og siðanefndar Háskólans á Akureyri. Þá sat hann um skeið í stjórn Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi. Hann hefur setið í dómnefndum vegna framgangs eða ráðningar kennara við lagadeildir Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Kaupmannahafnarháskóla og unnið að því að meta umsóknir um sameiginlegt doktorsnám lagadeilda Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla. Þá hefur hann verið dómari í árlegri málflutningskeppni í Hollandi og stýrt liði lagadeildar HÍ í málflutningskeppni í Bandaríkjunum.

Ragna sinnti í starfi sínu hjá ríkissaksóknara í tvö ár kærur vegna ýmissa ákvarðana lögreglustjóra á rannsóknarstigi mála, framsalsbeiðnum og fleiru auk vinnu við málflutningsstörf. Hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu í fimmtán mánuði fékkst hún auk málflutningsstarfa við stjórn rannsókna ofbeldismála. Þá sinnti hún margs kyns stjórnýsluverkefnum í starfi sínu í fjögur ár hjá

Mannréttindadómstól Evrópu. Hún telur láta nærri að tveir þriðju hlutar starfa hennar þar geti talist til stjórnsýslustarfa.

Sigrún starfaði í fimm ár á lögfræðisviði ríkisskattstjóra og í dóms- og kirkjumálaráðuneyti í 11 ár, þar af fimm ár sem deildarstjóri. Þá var hún forstjóri Persónuverndar í rúmlega 12 ár. Frá 1. apríl 2013 hefur hún starfað sem lögfræðingur í forsætisráðuneyti. Þá var hún framkvæmdastjóri tölvunefndar samhliða starfi sínu í dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Hún hefur einnig setið í ýmsum nefndum og starfshópum á vegum hins opinbera og sat um skeið í stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

Stefanía vann sem fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík 1992 til 2000 að þremur mánuðum undanskildum meðal annars við þinglýsingar, sífja-, skipta- og erfðamál og verkefni yfirlögráðanda. Á nefndu þriggja mánaða tímabili 1996 til 1997 starfaði hún á einkamála skrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Hún fór með stjórn lögreglurannsókna og sinnti fleiri stjórnsýsluverkefnum auk vinnu við málflutningsstörf hjá lögreglustjóranum í Reykjavík í fimmtán mánuði og aftur í átta mánuði síðar. Í rúmlega tvö ár vann hún við fæðingarorlofsmál hjá Tryggingastofnun og í tæplega fjögur hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga, meðal annars við að undirbúa og semja drög að úrskurðum vegna kærðra ákvarðana Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands. Sem settur saksóknari síðustu þrjú ár hefur hún samhliða vinnu við málflutningsstörf sinnt ýmsum stjórnsýsluverkefnum, meðal annars að leggja mat á rannsókn mála, afgreiða kærðar ákvarðanir lögreglustjóra o.fl. Á árunum 2010 til 2012 starfaði hún í rúmlega eitt ár samhliða lögmennsku í hlutastarfi fyrir úrskurðarnefnd skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, einkum við að undirbúa og semja drög að úrskurðum nefndarinnar.

Allir umsækjendur hafa samkvæmt framangreindu reynslu af stjórnsýslustörfum þótt í mismiklum mæli sé og á ólíkum vettvangi. Verður litið til þess hve lengi þeir hafa starfað við stjórnsýslu og jafnframt til eðlis starfanna. Sigrún starfaði í fimm ár á lögfræðisviði ríkisskattstjóra, í 11 ár í dóms- og kirkjumálaráðuneyti og sem forstjóri Persónuverndar í rúmlega 12 ár. Þá hefur hún starfað í tvö ár í forsætisráðuneyti og var framkvæmdastjóri tölvunefndar í 12 ár

samhliða öðrum störfum. Stendur hún öðrum umsækjendum frammar í þessum þætti. Næst henni kemur Katrín en hún annaðist stjórn lögreglurannsóknna í sjö ár auk fleiri viðfangsefna á sviði stjórnsýslu samhliða annars konar verkefnum, sbr. lið 5.3. Þá starfaði hún í samtals átta ár hjá yfirskattanefnd og úrskurðarnefnd almannatrygginga, meðal annars við að semja drög að úrskurðum þessara nefnda. Eftir námslok og síðar var hún fulltrúi sýslumanns í samtals þrjú ár. Á eftir henni kemur Stefanía sem fór með stjórn rannsókna hjá lögreglu í tæp tvö ár auk fleiri stjórnsýsluverkefna. Þá hefur hún sinnt stjórnsýsluverkum af skyldum toga hjá ríkissaksóknara í þrjú ár. Hún starfaði hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga í tæp fjögur ár og í hlutastarfi hjá úrskurðarnefnd skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir í rúmlega eitt ár. Þá á hún að baki rúmlega tveggja ára starf hjá Tryggingastofnun og þriggja mánaða í dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Ennfremur starfaði hún eftir námslok í um átta ár sem fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík. Á eftir henni kemur Kjartan, síðan Ásgerður og þá Pétur en reynsla annarra umsækjenda á þessu sviði er minni.

5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Ásgerður hefur frá 2009, 2013 og 2014 sinnt stundakennslu við HÍ í þremur greinum. Hún hafði umsjón með ritun BA ritgerða við sama skóla 2006-2012 og hefur verið prófdómari þar vegna meistaraprófsritgerða frá 2009. Þá hefur hún prófdæmt BA ritgerðir og meistaraprófsritgerðir við HR frá 2013.

Guðfinnur sinnti stundakennslu í sakamálaréttarfari við Háskólann á Bifröst haustið 2014. Hann var prófdómari í málflutningi við sama skóla 2009-2014.

Katrín, Logi og Stefanía hafa ekki fengist við kennslu á háskólastigi. Þess má þó geta að Logi hefur kennt lögreglurétt, sakamálaréttarfar og starfsmannarétt í Lögregluskóla ríkisins frá árinu 2010-2013 sem líta má til.

Kjartan hefur sinnt stundakennslu við lagadeild HÍ frá 2003 og við Háskólann á Bifröst 2005-2009 í nokkrum greinum lögfræði í báðum tilvikum. Frá ársbyrjun 2015 hefur hann gegnt stöðu sérfræðings með 30% starfshlutfalli við lagadeild HR. Þá

hefur hann sinnt kennslu á styttri námskeiðum á vegum HÍ, LMFÍ og dómstólaráðs frá 2003.

Pétur starfaði sem lektor við Háskólann á Akureyri í tvö ár og í hlutastarfi í eitt ár, en við skólann kenndi hann á námskeiðum á nokkrum sviðum lögfræðinnar. Þá hefur hann verið lektor við lagadeild HÍ í eitt ár og dósent frá 2009. Áður hafði hann verið stundakennari við lagadeild HÍ í fimm ár og eftir það einnig við Háskólann á Bifröst í sex ár. Í HÍ hefur hann kennt á námskeiðum á sviði margra greina lögfræðinnar og á grunnnámskeiðum í B.A. námi. Þá hefur hann haldið fjölda fyrirlestra við nokkra erlenda háskóla auk hérlendra og jafnframt verið tilkvaddur sem sérfræðivitni fyrir dómstóli í Englandi.

Ragna hefur verið stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2014.

Sigrún var stundakennari við félagsvísindadeild HÍ í almennri lögfræði í eitt ár, tvö ár í alþjóðlegum einkamálarétti við lagadeild HÍ og fimm ár í sifjarétti við sömu deild. Hún hefur fjórum sinnum haldið námskeið hjá Endurmenntunarstofnun HÍ um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og einu sinni hjá LMFÍ um sama efni. Þá hefur hún haldið fyrirlestra á fjölda erlendra ráðstefna um persónurétt og einkalífsvæðing. Hún var ennfremur prófdómari við HÍ í fjögur ár í námskeiðum á sviðum persónuréttar.

Samkvæmt því sem að framan greinir hefur *Pétur* mikla reynslu af kennslu á háskólastigi og stendur öðrum umsækjendum framar í þessum þætti. Næstur honum kemur *Kjartan* sem hefur sinnt stundakennslu við HÍ allt frá 2003 og á tímabili einnig við annan háskóla. Reynsla annarra umsækjenda í þessum þætti telst vera minni.

5.5.2. *Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.*

Ásgerður hefur nýlega samið kafla um umhverfisirétt á Íslandi til birtingar í alþjóðlegu tímariti. Þá hefur hún flutt nokkra fyrirlestra um lögfræðileg efni á opinberum vettvangi.

Guðfínnur, Ragna og Stefanía hafa ekki komið að útgáfu fræðiritna eða birt fræðigreinar um lögfræðileg efni.

Katrín tók að sér sem aðstoðarmaður í samstarfi við annan mann að semja kafla í skýrslu á vegum Max Planck Institut þar sem lýst er uppbyggingu og starfsemi íslenskra stofnana sem fást við sakamál. Verki þeirra var lokið fyrir nokkrum árum, en ritið mun þó ekki enn hafa verið gefið út af alls óskyldum ástæðum. Um þetta athugast að ekki liggur fyrir hvort þeirra samdi hvað af efninu. Ritið veitir ýmsar almennar upplýsingar um stofnanir og málsmeðferð á sviði lögreglu- og sakamála. Verður það haft til hliðsjónar við umsögn þessa.

Kjartan hefur talsvert sinnt fræðistörfum og ritstörfum um lögfræðileg efni, einkum stjórnisýslurétt, Evrópurétt og mannréttindi, en einnig á öðrum sviðum lögfræði. Eftir hann liggja sjö ritrýndar fræðigreinar sem birst hafa í lögfræðitímaritum auk tveggja til viðbótar sem munu birtast á þessu ári. Með umsókn hans fylgja að auki tvær greinar um lögfræðileg málefni sem ekki hafa hlotið ritrýni. Þá hefur umsækjandinn flutt 16 fyrirlestra um lögfræðileg efni á vegum ýmissa aðila frá 2004, m.a. um stjórnisýslurétt og EES rétt. Hann hefur einnið samið álitserðir fyrir opinbera aðila um lagaleg álitaeefni.

Logi hefur með umsókn sinni lagt fram kennslurit í lögreglurétti sem stuðst er við í kennslu við Lögregluskóla ríkisins. Hann hefur jafnframt afhent dómnefnd handrit að óútgefnu en umfangsmiklu riti sínu um sama efni, sem telur 398 blaðsíður, en í endanlegu bókarformi telur umsækjandinn það verða a.m.k 500 síður. Umsækjandinn ráðgerir að gefa það út haustið 2015. Verkið verður ritrýnt. Kandidatsritgerð umsækjandans til lokaprófs fjallaði einnig um sama efni, en kennsluritið var samið síðar og fól í sér mun ítarlegri umfjöllun um viðfangsefnið. Í hæfnismati 27. febrúar 2014 sagði að kennsluritið hefði nokkurt fræðilegt gildi og að það sé áhugavert, ekki síst vegna þess að það er á sviði sem lítt hefur verið ritað um áður. Óútgefna ritið felur í sér dýpkun frá efnistöfum kennsluritsins. Ritið er ekki gallalaust, en engu að síður sýnir það góð tök umsækjandans á efninu. Verður þess vegna höfð hliðsjón af því hér.

Pétur hefur sinnt fræðistörfum og ritstörfum sem eru orðin allmikil að vöxtum. Ber þar fyrst að telja ritið „Þjóðaréttur“, útg. 2011 sem hann er annar tveggja höfundar að, en í umsókn eru tilgreindir þeir kaflar sem umsækjandinn er aðalhöfundur að. Hann hefur samið kennslurit, „Kaflar úr þjóðarétti“ fyrir lagadeild

HÍ og skrifað greinar í ritið „Rannsóknir í félagsvísindum VIII – lagadeild“. Þá hefur hann lagt fram með umsókn sinni 20 ritrýndar fræðigreinar sem hafa birst í tímaritum eða sem bókakaflar en þær eru allar á sviði þjóðaréttar.

Sigrún gaf út kennslubók með fyrirlestrum um fjármálaskipan í hjúskap og óvígðri sambúð. Hún hefur einnig ritað og birt í tímaritum tvær fræðigreinar, tengdar upplýsingarétti og persónuvernd. Þá hefur hún ritað óútgefið fræðirit og hefur handrit að verkinu verið afhent útgefanda. Er stefnt að því að það komi út um mitt þetta ár í bókformi en jafnframt í rafrænu formi. Handritið telur 743 blaðsíður, en umsækjandi telur að það muni verða um 800 síður í endanlegu bókaformi. Verkið er ekki ritrýnt. Um er að ræða skýringarit um einkalífsrétt og einkalífsvernd. Meginefni þess er umfjöllun um lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar er að finna ítarlegar skýringar á ákvæðum laganna og gerð grein fyrir beitingu þeirra með vísan til dómaframkvæmdar, innlendrar og erlendrar, úrskurða Persónuverndar og systurstofnana á Norðurlöndum, Mannréttindadómstóls Evrópu, Evrópudómstólsins, álita umboðsmanns Alþingis, úrskurðarnefndar um upplýsingamála o.fl. Umfjöllun umsækjanda um einstök lagaákvæði er prýðileg og lipurlega skrifuð. Ljóst er að umsækjandi þekkir réttarsviðið afar vel. Verkið er ekki gallalaust og hefði úrvinnsla dóma og úrskurða sem vitnað er til við skýringu lagaákvæða mátt vera markvissari. Það hefði jafnframt minnkað umfang ritsins og gert það læsilegra. Engu að síður verður höfð hliðsjón af því hér, enda sýnir það góð tök umsækjandans á efninu.

Samkvæmt framansögðu stendur Pétur fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats. Ritstörf hans eru umfangsmikil og verkin hafa almennt ótvírætt fræðilegt gildi, en þau eru eins og fram er komið á sviði þjóðaréttar. Næstur honum kemur Kjartan en eftir hann liggja allmörg og vel unnin ritverk á nokkrum sviðum lögfræði. Þar á eftir kemur Sigrún.

5.6. Reynsla af stjórnun

Ásgerður hefur verið meðeigandi að lögmannsstofu frá 2012 sem felur í sér m.a. stjórn verkefna og umsjón með vinnu fulltrúa. Þá gekk hún ásamt öðrum

aðstoðarmönnum í störf skrifstofustjóra Hæstaréttar í tvö ár í réttarhléum og öðrum tilvikum ef þurfti.

Guðfinnur og Logi hafa ekki fengist við störf á þessu sviði.

Katrín gekk í Hæstarétti í þrjú ár í störf hæstaréttarritara í réttarhléum og öðrum tilvikum ef þurfti. Þá stjórnaði hún með öðrum störfum sínum rannsókn lögreglu í tilteknum brotaflokkum í sjö ár.

Kjartan sinnti stjórnunarstörfum hjá embætti umboðsmanns Alþingis í tvö og hálf ár samhliða öðrum viðfangsefnum og hinu sama gegnir um starf hans hjá EFTA dómstólnum í sex ár.

Pétur var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í afleysingum sumarið 2004. Hann var formaður rannsóknar- og meistaranámsnefndar lagadeildar HÍ í tvö ár. Þá var hann formaður siðanefndar Háskólans á Akureyri í þrjú ár og brautarstjóri laganáms þar árin 2005-2007.

Ragna var aðstoðarsaksóknari/deildarstjóri í ofbeldisbrotadeild lögreglustjóra í fimmtán mánuði og stjórnaði með öðrum störfum sínum rannsókn lögreglu í tilteknum brotaflokkum.

Sigrún hefur verið forstjóri Persónuverndar í rúmlega 12 ár.

Stefanía stjórnaði með öðrum störfum sínum rannsókn lögreglu í tilteknum brotaflokkum í tæp tvö ár. Í starfi hjá ríkissaksóknara sl. þrjú ár hefur hún gefið rannsóknarfyrirmæli í tilvikum þar sem ákvarðanir lögreglu hafa verið felldar úr gildi. Meðal stjórnunarstarfa má einnig telja störf í hverfiskjörstjórn við þrennar almennar kosningar.

Samkvæmt þessu stendur Sigrún fremst umsækjenda vegna reynslu sinnar sem forstjóri Persónuverndar. Þar á eftir kemur Katrín vegna reynslu af stjórnun hjá lögreglu og sem staðgengill hæstaréttarritara. Þar á eftir kemur Kjartan og þá Ásgerður.

5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Ásgerður tók þátt í undirbúningi margs kyns laga- og reglugerðarsetningar í störfum sínum í dóms- og kirkjumálaráðuneyti í eitt og hálf ár.

Guðfinnur, Katrín, Kjartan og Pétur hafa ekki fengist við störf af þessum toga.

Logi hefur komið að undirbúningi lagasetningar og setningu reglugerða í störfum sínum í umhverfiráðuneyti í þrjú ár.

Ragna var í starfshópi sem samdi drög að reglugerð á vegum samgönguráðuneytis.

Sigrún kom á starfstíma sínum í dóms- og kirkjumálaráðuneyti að samningu frumvarps til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala og frumvarps til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og samdi síðar frumvarp til laga um breytingar á upplýsingalögum.

Stefanía sat sem fulltrúi lögreglustjóra í samráðshópi á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis við frumvarpsgerð.

Samkvæmt þessu standa Ásgerður og Sigrún fremstar umsækjenda í þessum þætti og er ekki tilefni til að gera upp á milli þeirra.

5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgeroi

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Í auglýsingu um hið lausa dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu tvo meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Dómnefndin lagði til grundvallar umsagnir þeirra er umsækjandinn hafði tilnefnt sem meðmælendur en þeir eru: Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar, og Karl Axelsson hrl. gáfu umsögn um Ásgerði Ragnarsdóttur og Símon

Sigvaldason, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Ingimundur Einarsson, dómstjóri við sama dómstól, um Guðfinn Stefánsson. Hvað varðar Katrínu Hilmarsdóttur byggði nefndin á umsögnum Hildar Briem, dómstjóra Héraðsdóms Austurlands, og Egils Stephensen hrl. sem aflað var vegna hæfnismats dómnefndar 25. apríl 2014. Vegna Kjartans Björgvinssonar gáfu umsögn Páll Hreinsson, dómari við EFTA dómstólinn, og Þorgeir Örlygsson hæstaréttardómari og um Loga Kjartansson byggði nefndin á umsögnum Eyvindar G. Gunnarssonar, forseta lagadeildar HÍ, og Guðmundar Guðjónssonar, fyrrverandi yfirmanns stjórnsýslusviðs ríkislögreglustjóra, sem aflað var vegna hæfnismats dómnefndar 27. febrúar 2014. Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild HÍ, og Barbara Björnsdóttir, dómari í Héraðsdómi Reykjavíkur, skiluðu umsögn um Pétur Dam Leifsson, sbr. hæfnismat síðastnefndan dag og um Rögnu Bjarnadóttur byggði nefndin á umsögnum Davíðs Þórs Björgvinssonar, prófessors við Háskóla Íslands, og Róberts R. Spanó, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, sbr. hæfnismat 23. febrúar 2015. Hafsteinn Þór Hauksson, lektor við lagadeild HÍ, og Páll Hreinsson, dómari við EFTA dómstólinn, gáfu Sigrúnu Jóhannesdóttur umsögn og að síðustu að því er varðar Stefaníu Sæmundsdóttur var byggt á umsögnum Sigríðar Friðjónsdóttur ríkissaksóknara og Steinunnar Guðbjartsdóttur hrl., sbr. hæfnismat síðastnefndan dag.

Dómnefndin hefur haft umsagnir þessara meðmælenda, sem allar eru jákvæðar í garð hlutaðeigandi umsækjenda, til hliðsjónar við mat sitt. Af umsögnunum verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður samkvæmt 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010. Einnig kom þar fram að reglusemi umsækjenda væri ekki ábótavant.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af

öryggi. Miðað við þessar forsendur og með vísan til alls þess sem að framan greinir telur dómnefnd að allir umsækjendur fullnægi þeim lágmarksskilyrðum sem gera verður til héraðsdómara í þessum efnum.

6. Niðurstaða dómnefndar

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu. Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna fjölbreytta starfsreynslu er meginmarkmiðið með störfum dómnefndar að finna hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti héraðsdómara. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmannsstörfum og þeim stjórnáráðstörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki þótt einn þeirra hafi gegnt starfi nokkru lengur en annar.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að umsækjandinn hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Farsæl starfsreynsla og fjölbreytileiki hennar getur gefið mikilsverðar vísbendingar í því efni, en þar koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst reynsla af lögfræðilegri greiningu. Dómnefnd hefur í mati sínu á hæfni umsækjenda, rétt eins og í fyrri álitum, ekki farið út í alltof nákvæmt mat vegna þess að afar erfitt er að halda samræmi þegar svo er að verki staðið þar sem matsgrundvöllurinn er bæði fjölpættur og margbrotinn.


Mat dómnefndar er byggt á öllum þeim þáttum sem raktir hafa verið hér að framan í köflum 5.1.–5.9. Það er álit nefndarinnar að allir umsækjendur fullnægi þeim kröfum sem gera verður til héraðsdómara.

Þegar litið er til alls þess sem að framan greinir er það niðurstaða dómnefndar að Kjartan Bjarni Björgvinsson og Pétur Dam Leifsson séu hæfastir umsækjenda til að gegna starfi héraðsdómara. Telur dómnefnd ekki efni til að gera upp á milli hæfni þeirra. Þeir hafa að nokkru leyti starfað á ólíkum vettvangi, en lagt hvor með sínum hætti traustan grunn að þessari niðurstöðu. Ef litið er sérstaklega til dómstarfa og þeirra stjórnáráðgjafarfa sem lúta að úrlausn ágreiningsmála, sbr. liði 5.2. og 5.4., stendur Kjartan frammar, en Pétur hins vegar í þeim þáttum sem snúa að menntun og fræðistörfum og fl., sbr. liði 5.1., 5.5.1. og 5.5.2. Hvor um sig stendur eigi að síður vel að vígi í þeim þáttum sem hinn er þó talinn standa frammar í. Að virtum þessum niðurstöðum eru ekki efni til að gera upp á milli hæfni annarra umsækjenda.

Ályktarorð:

Með vísan til 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, er það niðurstaða dómnefndar að af þeim umsækjendum sem sækja um skipun í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur séu Kjartan Bjarni Björgvinsson og Pétur Dam Leifsson hæfastir til að hljóta skipun í embættið. Dómnefnd telur ekki efni til að gera upp á milli hæfni þeirra.

Reykjavík, 20. apríl 2015.


Gunnlaugur Claessen


Óskar Sigurðsson


Páll Þórhallsson


Skarphéðinn Þórisson


Ragnheiður Harðardóttir